

KJARASAMNINGUR

milli

Mjólkurfræðingafélags Íslands (MFFÍ)

og

Samtaka atvinnulífsins

1. gr.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við kjarasamning SA og Mjólkurfræðingafélags Íslands (MFFÍ).

2. gr.

Inngangur - megininntak

Kjarasamningur þessi byggir á Stöðugleikasamningum sem undirritaður var milli SA og sambanda og félaga ASÍ í mars 2024. Meginmarkmið Stöðugleikasamningsins er að stuðla að minnkun verðbólgu og lækkun vaxta, sem er mikið hagsmunamál heimila og fyrirtækja. Jafnframt er markmið samningsins að auka kaupmátt launafólks, skapa fyrirsjáanleika í efnahagslífinu, draga úr verðbólguvæntingum og styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Samningurinn kveður einnig á um framleiðniauka til alls launafólks, sem byggir á mældri framleiðni, og kaup-taxtaauka á kaup-taxta kjarasamninga.

3. gr.

Launabreytingar

Laun taka hlutfallshækkun, með krónutöluhækkun að lágmarki, nema annað leiði af launatöflum sem fylgja kjarasamningi þessum. Með mánaðarlaunum er átt við föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu.

1. febrúar 2024:	3,25% eða 23.750 kr.
1. janúar 2025:	3,50% eða 23.750 kr.
1. janúar 2026:	3,50% eða 23.750 kr.
1. janúar 2027:	3,50% eða 23.750 kr.

Kjaratengdir liðir kjarasamninga

Kjaratengdir liðir kjarasamninga hækka sem hér segir, nema um annað hafi verið samið:

1. febrúar 2024:	3,25%
1. janúar 2025:	3,50%
1. janúar 2026:	3,50%
1. janúar 2027:	3,50%

JRP
ELF

4. gr.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2024 106.000 kr.

Á árinu 2025 110.000 kr.

Á árinu 2026 114.000 kr.

Á árinu 2027 118.000 kr.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2024 verði orlofsuppbót kr. 58.000.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2025 verði orlofsuppbót kr. 60.000.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2026 verði orlofsuppbót kr. 62.000.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2027 verði orlofsuppbót kr. 64.000.

5. gr.

Breytingar á ýmsum ákvæðum kjarasamnings

Vinna á laugardögum

Grein 2.2.2. orðist svo:

Kvaðning mjólkurfræðinga til vinnu greiðist með minnst fjórum klukkustundum.

Vinna á sunnudögum

Grein 2.2.5. orðist svo:

Vinna á frí- eða helgidögum greiðist minnst með fjórum klukkustundum.

Matar- og kaffitímar í dagvinnu

Grein 3.1.1. orðist svo:

Matartími er ein klukkustund á tímabilinu frá kl. 11:30 til kl. 13:00.

Starfsmenn og atvinnurekandi á hverjum vinnustað skulu gera með sér samkomulag um nánari tímasetningu á matarhléum. Heimilt er með samkomulagi að taka upp styttri matarhlé.

Kaffitímar að degi til skulu vera sem hér segir: Á tímabilinu kl. 08:30 - 10:00, 20 mínútur og á tímabilinu kl. 15:00 - 16:00, 15 mínútur. Þegar einungis er unnin dagvinna, er heimilt að fella niður kaffitímann milli kl. 15:00 - 16:00 og styttest þá dagvinnutíminn sem því svarar

Biðgjald

Ákvæði um greiðslu biðgjalds (nú kr. 11.423 á mánuði) vegna kaupaukakerfis frá 26. apríl 1992 fellur niður frá 1. febrúar 2024 og einnig ígildi þess biðgjalds í þeim vinnustaðasamningum þar sem kaupaukakerfi voru tekin upp. Sama gildir um aukagreiðslur í ráðningarsamningum þar sem biðgjald hefur verið felld inn í aukagreiðslur. Einnig fellur niður yfirlýsing um greiðslu biðgjalds frá 20. apríl 1994.

JRP
EUF
2

Endurskoðun og útgáfa(prentun) á kjarasamningi MFFÍ og SA

Samningsaðilar eru sammála um nokkur ákvæði, bókanir og yfirlýsingar séu orðnar úreltar miðað við tímamörk þeirra og efni eða þær séu í raun orðnar óframkvæmanlegar. Fella megi eftirfarandi bókanir og yfirlýsingar út úr kjarasamningi aðila:

Bókun 2019 Um endurskoðun kjarasamnings MFFÍ
Bókun 2015 Yfirlýsing um lífeyrismál
Bókun 2015 um endurskoðun kjarasamningsins og útgáfu
Bókun 2011 Jafnréttisáherslur
Bókun 2011 Skráning og meðferð persónuupplýsinga
Yfirlýsing 2011 Um lífeyrismál
Bókun 2008 með samkomulagi um uppsögn ráðningarsamninga
Bókun 2008 um skilmála váttryggingafélaga – Fylgiskjal með samkomulagi um slysatryggingar Launafólks
Yfirlýsing 2000 um gerð ráðningarsamninga
Bókun 1997 um framhaldsmenntun, 2. mgr. bókunar fellur brott.
Yfirlýsing um eftirlaunaaldur
Bókun vegna fækkunar mjólkursamlaga
Bókun vegna kaffitíma

Það verður gert formlega gert með útgáfu kjarasamnings aðila (prentun) á árinu 2025. Samningsaðilar skuldbinda sig til að ljúka endurskoðun kjarasamnings fyrir lok árs 2024. Handrit að heildarkjarasamningi SA og MFFÍ með breytingum og viðbótum frá síðustu útgáfu verður sent til MFFÍ eigi síðar en í lok september 2024. Yfirferð handrits verði í október og nóvember og samningur verði tilbúin til prentunar í desember 2024.

6. gr.

Samningsforsendur

Kjarasamningur þessi byggir á sömu samningsforsendum og almennir kjarasamningar sambanda og félaga ASÍ frá mars 2024. Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum almennra kjarasamninga eða samningstíma á grundvelli ákvæða um kauptaxtauka og framleiðniauka eða forsenduákvæða framangreindra kjarasamninga skal sambærileg breyting gilda um samning þennan. Komi til þess að almennum kjarasamningunum frá mars 2024 verði sagt upp er MFFÍ heimilt að segja samningi þessum upp frá sama tíma. Tilkynna skal um uppsögn innan fimm virkra daga frá því almennum kjarasamningum er sagt upp.

Gildistími

Gildistími kjarasamnings þessa er frá 1. febrúar 2024 til 1. febrúar 2028 og fellur hann þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Afgreiðsla kjarasamningsins

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir 15. maí 2024.

Reykjavík 3. maí 2024

F.h. Mjólkurfræðingafélag Íslands

Einar Lassi Friðjónsson

Ottó Frøyð Steinsson

Bergsveinn Hjalti Magnússon

Leiríkur Ingvarsson

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Jón R. Pálsson
Bjarni R. Þorjónsson

Iðnaðarmenn með sveinspróf

	1.2.2024	1.5.2024	1.1.2025	1.1.2026	1.1.2027
Byrjunarlaun	553.595	565.282	594.284	623.266	652.230
Eftir 1 ár	559.132	570.935	600.227	629.499	658.753
Eftir 3 ár	564.723	576.644	606.229	635.793	665.339
Eftir 5 ár	570.370	582.410	612.291	642.151	671.992

*Forsenda launataxta frá 1. maí 2024 er að biðgjald frá 1992 (nú kr. 11.423 á mánuði) falli niður eða ígildi þess í vinnustaðasamningum eða í aukagreiðslum ráðningarsamninga þar sem biðgjaldið er komið inn í umsamin laun. Hafni starfsmaður að lækka aukagreiðslur sínar skv. ráðningarsamningi um ígildi biðgjaldsins þá á hann ekki rétt á launataxtanum sem tekur gildi frá 1. maí 2024.

JEP
EUF
A